

## Laxi 11050



Frá Laxamýri, Norðurþingi  
Fæddur: 5. september 2011  
Ræktandi: Félagsbúið Laxamýri

**Faðir: Síríus 02032**

### Móðurætt:

M. Safíra 206  
Mf. Laski 00010  
Mm. Eivör 101  
Mff. Smellur 92028  
Mfm. Lubba 177  
Mmf. Glæðir 02001  
Mmm. Eyrarrós 58

### Lýsing/ Umsögn:

Dökkolöttur, smáhuppöttur með leista, kollöttur. Yfirlína bein, boldýpt og útlögur í meðallagi. Malir yfir meðallagi breiðar og beinar en örlítið grófar. Fótstaða nokkuð bein en aðeins nán. Sterklega vaxinn og yfir meðallagi háfættur gripur. Meðalvaxtarhraði 968 g/dag.

### Umsögn um móður:

Safíra 206 fæddist í nóvember 2007. Dökkolött, kollött. Var felld í nóvember 2011 og hafði þá mjólkað í 2,1 ár, að jafnaði 6.141 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,54% sem gefur 217 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,63 sem gefur 284 kg af mjólkurfitu, eða 501 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

**Nafn og nr. móður:** Safíra 206

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
111	112	117	114	102

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
86	18	17	18	5

## Skellur 11054



Frá Lágafelli, Rangárþingi eystra  
Fæddur: 7. september 2011  
Ræktandi: Halldór Áki Óskarsson

**Faðir: Ári 04043**

### Móðurætt:

M. Mía 214  
Mf. Ás 02048  
Mm. Bergþóra 180  
Mff. Kaðall 94017  
Mfm. Yrja 150  
Mmf. Gangandi 99035  
Mmm. Kristín 137

### Lýsing/ Umsögn:

Dökkolöttur skjöldöttur, kollöttur. Yfirlína bein, boldýpt og útlögur í meðallagi. Malir í meðallagi breiðar en nokkuð brattar og örlítið hallandi. Fótstaða nokkuð bein og sterk. Í meðallagi háfættur og nokkuð sterklegur gripur. Meðalvaxtarhraði 833 g/dag.

### Umsögn um móður:

Mía 214 er fædd í desember 2004. Dökkolhuppött, kollött. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 5,8 ár, að meðaltali 5.823 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,41% sem gefur 199 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,34% sem gefur 253 kg af mjólkurfitu eða 452 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

**Nafn og nr. móður:** Mía 214

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
105	114	113	108	92

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
87	18	17	18	4

## Ottó 11058



Frá Tjörn, Skagabyggð  
Fæddur: 19. september 2011  
Ræktandi: Baldvin Sveinsson

**Faðir: Tópas 03027**

### Móðurætt:

M. Glóð 79  
Mf. Glæðir 02001  
Mm. Sóldís 47  
Mff. Völsungur 94006  
Mfm. Fluga 254  
Mmf. Kaðall 94017  
Mmm. Samtíð 56

### Lýsing/ Umsögn:

Dökkbrandskjöldóttur, kollóttur. Yfirlína nokkuð bein en boldýpt í tæpu meðallagi og útlögur fremur litlar. Malir grannar, nokkuð brattar og hallandi. Fótstaða örlítið hokin en nokkuð rétt. Nokkuð háfættur og í meðallagi sterklegur gripur. Meðalvaxtarhraði 795 g/dag.

### Umsögn um móður:

Glóð 79 er fædd í apríl 2004. Brandskjöldótt, kollótt. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 5,9 ár, að jafnaði 8.315 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,44% sem gefur 286 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,14% sem gefur 344 kg af mjólkurfitu eða 630 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Glóð 79

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
109	88	105	110	93

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
84	17	18	18	5

## Kóngur 11059



Frá Seljavöllum, Hornafirði  
Fæddur: 28. september 2011  
Ræktandi: Eiríkur Egilsson

**Faðir: Gyllir 03007**

### Móðurætt:

M. Kóróna 374  
Mf. Laski 00010  
Mm. Díana 194  
Mff. Smellur 92028  
Mfm. Lubba 177  
Mmf. Stígur 97010  
Mmm. Ögn 48

### Lýsing/ Umsögn:

Rauðkolskjöldóttur, kollóttur. Yfirlína nokkuð veik, boldýpt og útlögur í tæpu meðallagi. Malir ágætlega breiðar og beinvaxnar. Fótstaða dálítið hokin en rétt. Langur gripur og yfir meðallagi háfættur. Meðalvaxtarhraði 851 g/dag.

### Umsögn um móður:

Kóróna 374 er fædd í ágúst 2008. Rauðhuppótt, kollótt. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 2,2 ár, að jafnaði 6.559 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,43% sem gefur 225 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,96% sem gefur 260 kg af mjólkurfitu eða 485 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Kóróna 374

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
107	103	105	110	112

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
88	17	19	17	5

## Öxndal 11061



Frá Steinsstöðum II, Hörgársveit  
Fæddur: 7. október 2011  
Ræktandi: Dreitill ehf.

**Faðir: Ófeigur 02016**

### Móðurætt:

M. Padda 311  
Mf. Þollur 99008  
Mm. Gribba 181  
Mff. Skjöldur 91022  
Mfm. Grautargerð 346  
Mmf. Soldán 95010  
Mmm. Sletta 103

### Lýsing/ Umsögn:

Rauðkollhuppóttur með leista, kollóttur. Yfirlína bein, boldýpt og útlögur vel yfir meðallagi. Malir breiðar og beinvaxnar. Fótstaða örllítið hokin. Þéttvaxinn, jafnvaxinn og sterklegur gripur og í meðallagi háfættur. Meðalvaxtarhraði 958 g/dag.

### Umsögn um móður:

Padda 311 er fædd í apríl 2008. Rauð, kollótt. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 2,2 ár, að meðaltali 7.774 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,82% sem gefur 297 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,13% sem gefur 321 kg af mjólkurfitu eða 618 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Padda 311

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
116	95	121	112	104

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
88	17	18	18	5

## Sær 11063



Frá Naustum, Grundarfjarðarbæ  
Fæddur: 22. október 2011  
Ræktandi: Hallur Pálsson

**Faðir: Stássi 04024**

### Móðurætt:

M. Hosa 248  
Mf. Taktur 06046  
Mm. Þórhildur Elva 207  
Mff. Fontur 98027  
Mfm. Ljósbrá 363  
Mmf. Hjálmur 04016  
Mmm. Ladý 159

### Lýsing/ Umsögn:

Sægrákolhuppóttur, kollóttur. Yfirlína veik, boldýpt og útlögur í tæpu meðallagi. Malir í meðallagi breiðar og jafnar en vísa örllítið upp. Fótstaða bein og sterk. Fremur fínlegur gripur og í meðallagi háfættur. Meðalvaxtarhraði 868 g/dag.

### Umsögn um móður:

Hosa 248 er fædd í desember 2008. Svartskjöldótt, kollótt. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 1,2 ár, að jafnaði 9.210 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,38% sem gefur 311 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,99% sem gefur 367 kg af mjólkurfitu eða 678 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Hosa 248

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
116	79	95	106	97

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
82	16	17	16	5

## Öllari 11066



Frá Ölkeldu II, Snæfellsbæ  
Fæddur: 27. október 2011  
Ræktandi: Félagsbúið Ölkeldu

**Faðir: Ófeigur 02016**

### Móðurætt:

M. Jana 432  
Mf. Stigur 97010  
Mm. Píla 347  
Mff. Óli 88002  
Mfm. Skessa 368  
Mmf. Kaðall 94017  
Mmm. Síla 269

### Lýsing/ Umsögn:

Rauðkolskjöldóttur, kollóttur. Yfirlína bein og sterk, boldýpt og útlögur í meðallagi. Malir fremur grannar en beinar og jafnar. Fótstaða nokkuð náin. Fremur fíngerður og nettur gripur og í meðallagi háfættur. Meðalvaxtarhraði 778 g/dag.

### Umsögn um móður:

Jana 432 er fædd í mars 2005. Rauðskjöldótt, kollótt. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 5,3 ár, að meðaltali 8.248 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,30% sem gefur 272 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,57% sem gefur 377 kg af mjólkurfitu eða 649 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

**Nafn og nr. móður:** Jana 432

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
118	96	97	109	104

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
85	16	17	17	5

## Tandri 11068



Frá Dalbæ, Flóahreppi  
Fæddur: 11. nóvember 2011  
Ræktandi: Már Ólafsson

**Faðir: Ári 04043**

### Móðurætt:

M. Teygja 362  
Mf. Ás 02048  
Mm. Taug 318  
Mff. Kaðall 94017  
Mfm. Yrja 150  
Mmf. Viðauki 00008  
Mmm. Lína 243

### Lýsing/ Umsögn:

Dökkkolóttur, kollóttur. Yfirlína örllítið veik, boldýpt ríflega í meðallagi og útlögur nokkuð miklar. Jafnar og beinar malir, í meðallagi breiðar. Fótstaða örllítið náin. Nokkuð sterklega vaxinn en fremur lágfættur gripur. Meðalvaxtarhraði 965 g/dag.

### Umsögn um móður:

Teygja 362 var fædd í desember 2004. Dökkkolótt, kollótt. Felld í mars 2012. Þá hafði hún mjólkað í 5,2 ár, að jafnaði 5.434 kg af mjólk á ári. Próteinhlutfall var 3,57% sem gefur 194 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,62% sem gefur 197 kg af mjólkurfitu eða 391 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

**Nafn og nr. móður:** Teygja 362

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
104	94	110	106	96

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
82	16	16	18	5